

Orðalisti bræðsla

Baski. Ft. baskar. Tökuorð úr ensku, dregið af basket, karfa. Tækjabúnaður til að skilja mjölkorg úr soðinu úr suðukörunum. Hrisstisýjur og fúgur gegndu sama hlutverki. Baskarnir virðast hafa verið nokkurs konar skilvindur sem unnu með miðflóttafli en í hrisstisýjunum voru þéttriðin net. Baski var í Hjalteyrarverksmiðjunni, þaðan er orðið baski fengið (ÖK og Páll Helgason, 25. febrúar).

Blóðvatn. Vökvinn sem rann undan síldarbingnum í þrónum.

Blóðvatnskar. Vökva úr þrónum var dælt upp í blóðvatnskör og veitt upp úr þeim fitumenguðum vökvum og honum dælt inn í lýsishús. Þetta var gert til þess að létta á skilvindukerfi verksmiðjanna og draga úr affallsmengun til sjávar. Um þetta starf sá einn maður. Þessi blóðvatnskör voru við enda þróna, nálægt inntaki verksmiðjunnar (Páll Helgason, 25. febrúar 2010).

Dampur. Heit gufa.

Dísa. Komið úr ensku. Olíudreyfari fremst á spíss.

Dragari (tór) flutti síldina upp í rennu á efsta lofti Gránuverksmiðjunnar, og lá hann inn yfir suðukörin. Niðri í þrónni gekk dragarinn um ás niðri í lítilli smáþró, og fylltu skúffurnar þar í sig, en að þessari litlu smáþró var síldinni ekið á handkerrum og var það mjög erfitt og óþrifalegt verk. Dragari (tór) var notaður til að flytja mjölið upp á efsta loft, þar sem það gekk í gegnum sívalning úr allfínu vírneti (Siglfirðingabók, 1975: 78-81). Ath. hér er verið að blanda saman dragara og skúffutór sbr. Hannes Baldvinsson hér að neðan.

Á milli keðjanna sem voru í dragaranum þurfti fast undirlag til þess að síldin flyttist. Dragarinn gekk eftir sléttu undirlagi og ýtti á undan sér síldinni sem lenti á milli bandanna. Skúffutór var notaður til að flytja í hæðarmismun. Samheiti dragara og skúffutórs væri færiband (Hannes Baldvinsson, 9. mars 2010).

Drullubassi. Sá sem var látinn vinna eða hlaupa í sóðaleg störf, lempa, smyrja eða leysa stíflur eða annað slíkt – jafnvel að taka á móti slori, „drullu“, af síldarplönunum. Páll Helgason segist hafa verið drullubassi í verksmiðju Rauðku á Siglufirði (11. apríl 2011).

Dúkaþressa. Fyrsta pressan sem notuð var – elsta gerð pressu. Var staðsett í svokölluðu pressuhúsi. Í pressunni er vökvinn pressaður úr soðnu síldarmaukinu. Inni í henni er gríðarmikil skrúfa knúin af gufuvél eða rafmótor og þrýstir hún vökva úr soðmoukinu út í gegnum sigti. Þegar hæfilegu magni dúka hafði verið staflað á pressuvagninn, í um það bil eins og hálf meters hæð, var ekið undir pressuna og hún skrúfuð upp og látin þrýstast á dúkahlaðann. Þá rann lýsið úr síldarmaukinu ofan í rennu, sem var allt í kringum pressuna, og þaðan í lýsisker. Pressan var þannig gerð að 4 gildir uppistandarar voru í öllum hornum hennar. Efst voru þeir renndir nokkru mjórri og settur þar á grófur skrúfugangur, sver járnblökk með 4 götum nálægt hornunum, blökkinn síðan sett á og síðan fest með skrúfróm. Að neðan voru hornstólpar pressunnar rammlega festir. Botn pressunnar lék laus upp og niður eftir hornstólpanum og var honum lyft með vatnsþrýstingi er framleiddur var með dælum, er stóðu á hæðinni fyrir neðan. Með krönum á pressunni var hægt að ráða því hvort þrýstidælan lyfti botni pressunnar eða hún var gerð óvirk og vatnið dældist þá aðeins í hring. Með

krönunum var hægt var að stjórna því hvort pressan lyftist hægt eða hratt. Á þaki pressunnar (sveru plötunni) voru 2 göt, er endastólpar vagnanna gengu upp um, þegar pressað var. Pressurnar stóðu yfir vagnasporinu með tveggja eða hálfs metra millibili. Í Gránuverksmiðjunni voru fjórar pressur, tvær á hverju vagnaspori (Siglfirðingabók, 1975: 80).

Fínskilvinda. Sjá skilvinda.

Formaldehýð. „Lífrænt efnasamband (HCHO), litlaust, eitrað gas með óþægilegri lykt, notað sem hráefni við plastframleiðslu.“ (Íslensk orðabók, 2007: 249).

Formaldehýðskar. Í það var sett formaldehýð. Efnið var látið drjúpa í endann á suðukarinu þar sem síldin kom inn úr þrónum. Efnið var notað til þess að ná fitunni betur úr síldinni við suðu. Mest þurfti að nota af því ef síldin hafði legið lengi í þrónum og hún farin að þrána. Uppgufunin á þessu var hræðileg, menn tárfeildu af gufunni (Páll Helgason, 12. febrúar 2010).

Forhitari. Við olídælnar voru forhitarar, í forhitarana lék heit gufa í spírölum sem þynnti olíuna, en svartolía var notuð við brennsluna (Páll Helgason og ÖK, 25. febrúar 2010).

Fúga. Ft. fúgur. Tökuorð úr latínu. Það gæti hafa staðið „centifugal power“ á tækinu sem þýðir miðflóttafl (Páll Helgason og ÖK, 25. febrúar 2010).

Fýr. Brennarar eða fýrar voru framan á gufukötlunum og eldhólfum þurrkaranna. Í fýrunum fór olían undir þrýstingi í gegnum spíss, framan á hann skrúfaðist svokölluð dísa, hún úðaði olíunni inn í eldhólfinu. Þessum fýrum tengdust svo blásarar sem glæddu eldinn. Hlutverk kyndaranna var svo að stilla þetta saman, undirblástur og olúþrýsting (Páll Helgason og ÖK, 25. febrúar 2010).

Fýra. Sögnin að fýra. Sbr. að fýra upp, auka hita, kynda betur (Íslensk orðabók, 2007: 249).

Fæðidæla. Fæðidælan fæddi gufukatlna, ýmist á vatni eða olíu. Olíu var dælt á fýrin eða vatni á ketilinn. Svartolía var notuð við brennsluna, við olídælnar voru forhitarar, í forhitarana lék heit gufa í spírölum sem þynnti olíuna. Fæðidælur voru gufuknúnar (Páll Helgason og ÖK, 25. febrúar 2010).

Færiband. Færibönd gátu verið þrenns konar. Skúffutórar, dragarar og færiband. Færiband gat verið band sem síldin fluttist liggjandi á. T.d. við löndunina í SR, þá var ekkert sem stoppaði síldina á bandinu en hún rann út af því þegar á enda var komið. Þverfjalirnar í færiböndunum voru kallaðar spyrnur (Hannes Baldvinsson, 9. mars 2010).

Gufuketill. Ketillinn var staðsettur í svokölluðu ketilhúsi. Í gufukatlinum er gufan (dampur) framleidd, megin hita- og aflgjafi vinnslunnar. Funheit flyst hún eftir einangruðum rörum um alla verksmiðjuna sem hitagjafi við suðu hráfnisins og meginaflgjafi véla og dælna. Var þetta notað áður en rafknúnir mótórar komu til sögunnar.

Gall, göll. Pressugall. Sigtí. Göll eru riflaðir hálfbogar sem skrúfast utan um megin öxul pressunar (Páll Helgason 25. febrúar 2010).

Gúanó. Síldarúrgangur sem fór í bræðslu. Talað var um að hráefnið færi í gúanó ef það var lélegt. Veiða síld í gúanó.

Gúanóverksmiðja. Síldarbræðsla, fiskimjöls- eða grútarbræðsla.

Hábryggjur. Tengjast lönduninni áður en það komu færíbönd. Þegar landað var í handvagna fyrir daga færíbanda (Páll Helgason 25. febrúar 2010).

Hlaupaköttur. „Hjólabúnaður (vagn) sem renna má fram og aftur á láréttum armi lyftikrana e.þ.h.“ (Íslensk orðabók, 2007: 403). Svona búnaður var í löndunarkrönum og víða í lofti verksmiðjanna. Keðjutalía er hengd neðan í búnaðinn (Páll Helgason 25. febrúar 2010).

Hrálýsi. „Sjálfrætt lýsi.“ (Íslensk orðabók, 2007: 429). Myndaðist við geymslu síldarinnar í þrónum – sbr. blóðvatnskör og lýsiskör (Páll Helgason 25. febrúar 2010).

Hristísía. Skilur fast efni frá soðvökva. Það var sía úr fínu neti sem hrisstist mjög hratt en ekki með miklum sveiflum, og síaði fasta efnið frá soðvökvanum (Hannes Baldvinsson, 9. mars 2010).

Hundavakt. Næturvakt, frá kl 12 á miðnætti til kl 6 að morgni. Orðið hundavakt var notað í síldarbræðslu á Raufarhöfn og einnig var þetta þekkt um næturvaktir sjómanna. Ef til vill vegna þess að það þótti miður að vinna á næturnar, hálfgerð hundalíf (Viðtal Péturs Halldórssonar við Sigurjón Jóhannesson: <http://www.ruv.is/sarpurinn/vid-sjavarsiduna/26092011>). Samkvæmt Wikipedia er hundavakt, næturvakt á skipi (frá kl. 24-4), einnig nefnd hundur eða lágnættisvaka (<http://is.wikipedia.org/wiki/Vaktir>).

Hvalhausinn. Talað var um að „vera á hvalhausnum.“ Þessi vinnustaður var uppi á síldarþrónum, sjá blóðvatnskör og hrálýsi. Blóðvatnstórinn úr botni síldarþróna teygði sig upp á móts við þakbrúnina á verksmiðjunni og þetta gat minnt á hval sem teygir sig upp úr haffletinum. Þessi nafngift tengist því líka að í hvalhausnum var mesta lýsi skepnunnar. Þessi nafngift var notuð í síldarverksmiðjunni Rauðku (Páll Helgason 25. mars 2010).

Inntaksmaður. Hann vann á tórnum og stjórnaði hráefnisflutningi að suðukörunum Hann stjórnaði; kveikti og slökkti á færíbandi, t.d. skúffutór sem notaður var til að flytja síldina að suðukarinu (Hannes Baldvinsson, 9. mars 2010).

Inntakstór. Sjá tór. Inntakstór gat verið dragari eða færíband. Oftast nær var aðstaðan þannig að það þurfti að lyfta síldinni upp í suðukörin. Suðukörin voru oftast á hæðsta punkti í verksmiðjuhúsunum (Hannes Baldvinsson, 9. mars 2010).

Jaktor. Lárétt gufudæla.

Ketilhús. Ketillinn var staðsettur í svokölluðu ketilhúsi. Ketilhús var í Rauðku og í SR. Ekki var alltaf um eiginlegt hús eða herbergi að ræða, heldur var þetta í sumum tilfellum hluti af verksmiðjusalnum (Páll Helgason 25. febrúar 2010).

Kyndari. Kyndarinn kyndir eldstóna og sér um þurrkun mjölsins. Kyndarar gegndu tvenns konar hlutverki í verksmiðjunum, að breyta vatni í gufu og að þurrka pressukökurnar. Þetta voru tvær stéttir kyndara, annars vegar þurrkyndarar og hins vegar gufukyndarar. Starf gufukyndara var fólgið í því að halda réttum þrýstingi á katli og stýra vatns- og olíustreymi

inn á hann. Aðalháhyggjuefni þurrkyndarans var að brenna ekki eða kveikja ekki í mjölinu (Páll Helgason, 25. febrúar 2010).

Kvarnamaður. Hann gætir þess að mjöl fari hæfilega þurrt í kvarnir og blásara. Kvarnamaður þurfti stundum að hleypa niður mjöli sem ekki hafði þurrkast nóg, því var síðan blandað hægt saman við fullþurrað mjöl (Páll Helgason, 25. febrúar 2010).

Kvörn. Kvarnir tóku við grófu mjöli úr þurrkurunum og möluðu það (Páll Helgason, 25. febrúar 2010).

Lempa. Að moka, moka til (Íslensk orðabók, 2007: 596).

Lempari. Lemparar lempa síldinni í þrónni. Verkfæri lempara voru ýmist gafflar eða háfar sem þeir notuðu til þess að flytja síldina til í þrónni. Þegar lækkaði í síldarþrónni þurfti að moka síldinni í áttina að færiband í botni þróanna. Þrátt fyrir halla þróarbotnsins þurfti jafnvel að nota kraftmiklar vatnsslöngur til þess að koma síldinni að inntakstórnum (Páll Helgason, 25. febrúar 2010).

Lýsibryggja.

Lýsishús. Skilvindurnar stóðu í lýsishúsinu. Alltaf var talað um lýsishús, þrátt fyrir að þetta væru ekki eiginleg hús, heldur hluti af heildarrými verksmiðjunnar.

Lýsiskar. Lýsi og blóðvatn sem pressaðist úr síldinni féll niður í rásir sem lágu undir og meðfram sporunum á pressuloftinu. Frá þessum rennum lágu svo allvíðar pípur niður í gríðarstór lýsiskör, er stóðu niðri í vesturenda Gránuverksmiðjunnar. Þessum körum var þannig fyrir komið að lýsið sem ofan á settist í fyrsta kari rann sjálfkrafa úr því í gegnum pípu yfir í annað og svo koll af kolli, og í hverju kari varð eitthvert botnfall eftir svo að í síðasta karinu var lýsið orðið hreint og tært og var frá því rennt á eikarföt niðri í kjallara Gránuverksmiðjunnar. Smám saman var botnfallinu rennt undan og hleypt til sjávar, eftir pípunum. Oft var hleypt sjóðandi gufu (dampi) í lýsiskörin og skildi þá lýsið sig betur frá grottanum og blóðvatninu (Sigfirðingabók, 1975: 81-82).

Löndun. Uppskipun (Íslensk orðabók, 2007: 635).

Löndunarbyggjur. Bryggjurnar sem skipin lögðust upp að til losunar á farminum (Hannes Baldvinsson, 9. mars 2010).

Löndunarmaður. Hann sá um löndun með krönunum. Þeir voru þá yfirleitt staðsettir í sérstökum skýlum í krönunum. Löndunarmaður stjórnaði krönunum, hann lét opið á krananum síga ofan í síldarfarminn (Hannes Baldvinsson, 9. mars 2010).

Löndunarmál. Síldarmál sem voru notuð til þess að hífa síldina upp á bryggju á flutningsvagna (Hannes Baldvinsson, 9. mars 2010).

Löndunarkrani. Þeir voru allir byggðir á sömu hugsun. Voru opnir í einn enda. Í krönunum gengu skúffur sem lyftu síldinni upp. Í krönunum var líka búnaður til þess að mæla síldina og vigta (Hannes Baldvinsson, 9. mars 2010).

Löndunarvagn. Á löndunarbryggjum voru svokallaðar hábryggjur og eftir þeim lágu vagnspor, sitt á hvorum bryggjukanti og var fremst á hverju spori skiptispor, sem hægt var að renna tómunum vagni inn á, meðan fullur vagninn fór upp, og var tómur vagn því nær við höndina, er fullur vagn fór af stað. Vagnspor þessi náðu töluvert inn yfir þróna. Voru skúffur í vögnunum á völtum og hægt að opna þá með litlu handtaki, og velti skúffan þá úr sér síldinni. Var því hægt, við þessar tvær bryggjur, að landa úr 4 skipum, á 4 vagnasporum og til þess notaðir 8 vagnar. Hverjum vagni var stjórnað af einum manni frá skipunum (Siglirðingabók, 1975: 77-78). Ath. Hannes Bald man ekki til þess að vagnar á sporum hafi verið notaðir við löndun í síldarbræðslu.

Löndunartór. Hékk neðan í bómum löndunarkrananna og var slakað um borð í veiðiskipin. Tórin flutti síldina inn í „mæliker“ löndunarbúnaðarins (Páll Helgason 26. febrúar 2010).

Matur. Fóðurbætir fyrir skepnur var kallaður matur á Norðurlandi. Talað var um að gefa skepnunum matinn. Oft var þessi fóðurbætir síldarmjöl eða fiskimjöl.

Meistari. Verksmiðjustjóri. Hann var ábyrgur fyrir allri vinnslunni. Hann var undantekningalítið vélstjórmenntaður, stjórnaði viðgerðum og hafði eftirlit með öllum vélbúnaði. Aðstoðarmaður hans og staðgengill var 2. meistari og hann var einnig smyrjari (Páll Helgason 26. febrúar 2010).

Mjel. Fóðurbætir fyrir skepnur var kallaður mjel í Húnavatnssýslu. Nafnið kom til vegna þess að fyrst var fóðurbætirinn rúgmjöl þar um slóðir. Fleira var kallað mjel, t.d. fiskimjel eða síldarmjel.

Mjöl. Sjá síldarmjöl.

Mjölblásari, blásari. Blásarinn dregur hita og raka úr þurrkaranum og skilar heitri gufunni út í reyk háf.

Mjölhús. Þar er geymsla og útskipun mjöls. Í mjölhúsinu voru sekkirnir geymdir í miklum stæðum til útskipunar. Fyrst var mjölið látið kólna á þurrklofti og síðan var því hlaðið í stæður. Pokarnir fóru upp á loft í tór til þurrkunar og þurftu að kólna þar áður en farið var að stafla í stæður. Mjölhús var yfirleitt sér, ekki inn í sjálfri verksmiðjunni, heldur í stórum byggingum. En í Gránu var mjölloft upp á lofti verksmiðjunnar (Páll Helgason 26. febrúar 2010).

Mjölloft. Á mjölloftinu í Gránu var mjölið vigtað og sekkjað. Ef til vill sama og þurrkloft.

Mjölvog. Síldarmjölið berst að mjölvoginni með blásara eða snigli/snellu. Yfir mjölvoginni voru all stórar trektar sem mjölinu var blásið í, neðan í þessari trekt var mjölvogin og pokarnir hengdir neðan í hana. Lengi voru notaðir 100 kg strigasekkir og síðar 50 kg pappírspokar. Á síðari tímum hafa verið notaðir um 1000 kg nælonsekkir eða mjölinu einfaldlega blásið í mjöltank og þaðan í skip til útflutnings.

Múkkerta. Slaghamar, lítil sleggja. Tökuorð, múkkert úr dönsku eða norsku (ÖK og Páll Helgason 25. febrúar 2010).

Ofn. Þessir ofnar voru hlaðnir úr eldföstum múrsteini. Það voru múrrameistarar sem sérhæfðu sig í hleðslu slíkra ofna og viðhaldi. Múrhleðslan var tvöföld, innri- og ytri kápa.

Innri kápan varð rauðglóandi. Til að byrja með voru það kolakynt eldhólf. Síðar var ofninn svartolíukyntur með miklum gegnumblæstri loftis. Hér myndast mikill hiti til þurrkunar síldarmjölsins (Páll Helgason 26. febrúar 2010).

Olúspíss. Örmjór eldsneytisstútur. Ath.

Pokatrilla. Stundum kallað mjölpokatrilla. Tvíhjólgrind til að flytja mjölpoka, ýmist úr tré eða járn (Páll Helgason 25. febrúar 2010).

Pressa. Pressur voru 2-3 í stærri verksmiðjum. Þær voru innfluttar frá Ameríku en síðar smíðaðar af Vélsmiðjunni Héðni í Reykjavík og voru þá stærri og enn öflugri. Þessi stóru og miklu tæki líkjast einna helst risavöxnum hakkavélum. Mikið tannhjólavirki og stórir rafmótorar eru við afturenda pressunnar, enda er snúningsálagið mikið í þessum vélum. Þessu tannhjólavirki er síðan tengdur mikill reugulator eða hraðastillir. Utan á meginöxul þeirra eru skrúfuð svokölluð göll. Þessi göll eru riflaðir hálfbogar sem skrúfast utan um megin öxul pressunar. Gegnum þau þrýstist vökvinn sem fylgir mauksoðinni síldinni úr suðukarinu. En aftur úr pressunni þrýstist svo þurrefnið í einskonar kökum og falla ofan í snellur sem færa þurrefnið í svokallaða rifara sem eru í enda þurrkaranna. Þar tættist þurrefnið í sundur og fellur síðan ofan í þurrkarana næst eldhólfinu (Páll Helgason, 25. febrúar 2010).

Pressudúkur. Pressudúkur var lagður yfir grindarmót, þannig að miðja hans kæmi sem næst yfir miðju mótsins. Grindarmótið var 8-10 sm. djúpt, um 55 sm. langt og nálægt 35 sm. á breidd. Pressudúkurinn var um það bil jafnhliða ferkantaður og um 1 m til 1,10 m á kant, úr sérstakri gerð af sterkum striga með sverum þráðum (Siglfirðingabók, 1975: 78-79). „Síldarmaukið var sem sé tekið út um op á suðukerinu og rann sjóðheitt og rjúkandi í strigadúk, er breiddur var á bekk við opið, og pressumaðurinn á pressupallinum hafði þetta starf með höndum. Svo þegar hæfilegt magn af síldarmauki hafði runnið í dúkinn, braut pressumaðurinn endana á dúknum saman á fjórar hliðar, því næst hvolfdi hann dúknum við, því að hinir samanbrotnu endar urðu að snúa niður, svo að sem mest af lýsi pressaðist út úr maukinu. Að því loknu skellti hann dúknum niður á járnplötu, sem var eins konar vagn á hjólum, og á hornum vagnsins voru járnteinar, er studdu við þessar lausu járnplötur, er voru settar á milli hvers dúks. Þegar fyrsta dúknum hafði verið hvolft á vagninn, var sett járnplata ofan á hann. Því næst var annar annar dúkur, fylltur síldarmauki, settur ofan á plötuna og þannig koll af kalli, dúkur ofan á dúk, og ætíð járnplata á milli.“ (Ingólfur Kristjánsson, 1988: 513).

Pressuloft. Sjá pressuhús.

Pressuhús. Dúkaressan var staðsett í svokölluðu pressuhúsi. Ekki var um eiginlegt hús að ræða heldur rými í verksmiðjunni sem notað var til að pressa síldina. Sums staðar var *pressuloft* á efri hæð.

Pressukaka. Þurrefnið sem kom aftur úr pressunni. Pressukakan var um tíma þurrkuð og sent til Noregs þar sem hún var mulin og notuð sem skepnufóður.

Pressumaður. Fylgdist með *suðukörum*, hafði umsjón með suðu síldarinnar og pressun (Páll Helgason, 26. febrúar 2010).

Pressuvagn. Lagður var 1 dúkur fylltur síldargraut í pressuvagninn. Ofan á hann var lögð þunn stálplata, með sínu skarðinu á hvorum enda og greipuðu þau um endastólpa vagnsins. Þá

var annar fylltur dúkur lagður á þá plötu, síðan önnur stálplata lögð á hann og þannig hlaðið í vagninn þar til hann var fullur. Vagninum var síðan rennt eftir sporinu og inn undir pressuna. Þegar pressan hafði staðið góða stund og vökvinn vel siginn úr, var skrúfað frá þrýstingnum og seig þá vagninn hægt og rólega niður á sporið. Var honum síðan rennt út úr pressunni eftir sporinu. Í Gránuverskmiðjunni var vagninn tæmdur í austur lofti verksmiðjunnar og kökurnar hrisstar úr dúkunum (Siglfirðingabók, 1975: 80-81).

Regulator. Hraðastillir fyrir snúningshraða snigilsins. Annars vegar í pressum, hins vegar í suðukörum.

Rífari. Í Gránuverksmiðjunni var rífari sem staðsettur var á pressuloftinu að austanverðu. Hann var frekar lágur upp úr gólfi þannig að þægilegt var að moka upp í hann kökuruslinu sem hrist var úr pressudúkunum. Frá honum lá renna niður að eða niður í eldkynnta þurrkara, er voru nær láréttir járnsválmningar, sem mjölið var þurrkað í (Siglfirðingabók, 1975: 81).

Saltari. Starfsheiti. Hann dreyfði salti í síldina þegar hún barst upp í þærnar. Ofurlitlu salti var stráð yfir síldina í þrónni, einkum ef fyrirsjáanlegt var, að hún þyrfti að geymast. Tvær til þrjár skóflur af salti fóru í hvert mál (hvert mál var um 130 kíló). Þegar síldin gusaðist úr rennum á færíböndum yfir síldarþrónum (Páll Helgason, 26. febrúar 2010).

Saumavél. Rafknúin saumavél til að loka mjölpökunum hékk neðan úr loftinu við hliðina á mjölvoginni. Vigtarmaðurinn greip saumavélina og saumaði fyrir hvern poka sem hleypt var undan mjölvoginni (Páll Helgason, 26. febrúar 2010).

Síldarmál. Eitt síldarmál er 135 kíló.

Skilvindur. Separator? Hugsanlega tökuorð úr norsku. Skilvindurnar voru staðsettar í svokölluðu lýsishúsi þar sem lýsi var unnið úr blóðvatni þróna og soðvökva frá pressunum. Inni í hverri skilvindu er kúla með fjölmörgum skálum sem snýst með 5000 snúninga hraða á mínútu við það verður til miðflótttafl sem skilur lýsi frá vatni. Hreinu lýsi er dælt í stóra geymslutanka við hlið verksmiðjunnar. Í lýsishúsi stærstu verksmiðjunnar voru 37 skilvindur.

Skilvindumaður. Hann hefur þann starfa að stýra vinnslu skilvindanna og þrifa þær reglulega. Hann fylgist með lýsisframleiðslunni. Þetta var tvöfalt kerfi, það voru bæði fínskilvindur og slammskilvindur og það þurfti að dæla úr körum á skilvindurnar eftir kúnstarinnar reglum. Hans hlutverk var að skila sem hreinustu lýsi.

Skrapari. Færiband.

Skúffulyfta. Sjá skúffutór.

Skúffutór. Flutti m.a. mjölið í kvarnir þar sem það var fín malað.

Slamm. Vökvi og korgur úr suðunni sem kom úr pressunum. Affall sem kom úr pressunum sem fór inn á hrisstisúr/baska. Soðkjarninn var unninn úr slamminu (Páll Helgason, 26. febrúar 2010 og Hannes Baldvinsson, 9. mars 2010).

Slamppressa. Sama og baski?

Slammskilvinda. Fínskilvinda (Hannes Baldvinsson, 9. mars 2010).

Síldarbræðsla. Verksmiðja þar sem síld er brædd, það að bræða síld í lýsi (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldariðnaður.

Síldarmál. Síldin var höluð (hífð) upp úr skipunum, upp í vagnana í svonefndum síldarmálum. Voru þau löggilt og áttu að vera sléttfull. Verksmiðjan lagði til þessi mál og mann til að telja þau og sjá um að þau væru fyllt sæmilega vel (Siglufirðingabók, 1975: 78).

Síldarmjöl. Mjöl unnið úr síld eftir að lýsið hefur verið brætt úr henni (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldarolía. Olía brædd úr síld (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldarverksmiðja. Verksmiðja sem vinnur úr síld, síldarbræðsla (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síló. Risastór trekt, mjölsíló. Síló voru einnig undir gufustrompum aftan við þurrkara til að hindra að fínkorna mjöl bærisk út í andrúmsloftið. Hleypt var niður úr þeim nokkuð reglulega á gólfíð aftan við þurrkarana, um það sá kvarnarmaðurinn.

Snigill. „Öxull með blaði (blöðum) sem vefst eins og gormur utan um hann , til að flytja t.d. mjöl í verksmiðju með því að snúast.“ (Íslensk orðabók, 2007: 936).

Snella. Trog eða stokkur með skrúfuöxli sem flytur m.a. mjölið á milli staða. Lágu á milli tækja og gátu legið bratt á ská á milli tækja.

Spyrnur. Þverfjalirnar í færíböndum voru kallaðar spyrnur (Hannes Baldvinsson, 9. mars 2010).

Suðukar. Alltaf var talað um suðukör á Siglufirði en sjóðara t.d. á Ólafsfirði og á Hjalteyri. Suðukörin voru upphaflega sígirt trékör er stóðu á dálítilli upphækkun á „pressuloftinu.“ Þau munu hafa verið um hálfan annan metra í þvermál og náðu upp úr loftinu. Niður í þau lá allgildur ás með spöðum á, er rótuðu upp síldinni. Var síðan heitri gufu (dampi) hleypt á körin og síldin þannig soðin. Í Gránuverksmiðjunni voru tvö kör og niðri við botn á hverju kari var eins konar krani, þar sem opna mátti fyrir síldargrautum. Undir krananum var grindarmót. Í Gránuverksmiðjunni voru suðukörin nærri vestast á pressuloftinu. Frá þeim lágu tvö vagnspor austur eftir loftinu, sitt sporið frá hvoru kari, og voru 2 pressuvagnar á hvoru spori (Siglufirðingabók, 1975: 78-80). Síldin var soðin við 170° gufuhita. Suðukörin tóku breytingum og þróuðust úr því að vera kör í það að vera einhvers konar langur járnhólkur. Þess vegna var talað um sjóðara en ekki suðukör víðast hvar, en orðið suðukör festist í sessi á Siglufirði (þar sem síldarbræðslan var elstr) og var notað áfram þrátt fyrir þessar breytingar. Síldin barst með dragara, inntakstórnum, inn í sjóðarann og skrúfuöxull færði soðmaukið eftir honum endilöngum. Inntaksmaður stýrði flutningi síldarinnar að suðukörum.

Stóker. Gufuknúinn kolamatari. Stóker ryður kolasalla frá trektinni inn í eldhólf þurrkarans. Að ofan var þetta trekt, ferköntuð trekt, sem mjókkaði niður í hólk sem í var gufuknúinn stimpil þjappa. Kurluðum kolum var mokað upp í trektina og þjappan eða stimpillinn ýtti

kolunum inn í eldhólfið, „inn á fyrinn“ eins og sagt var. Það var talað um að menn innu á stókernum eða við stókerinn. Tökuorð úr ensku, en þar þýðir stoker kyndari. Þetta orð er greipt í hurð stókersins í Gránu (ÖK 25. febrúar 2010).

Stím. Orð yfir gufu.

Stuf. Líklega úr norsku, merkir ryk. Stuf var fína mjölrykið sem safnaðist saman í svokallaðan stufkassa og síló aftan við þurrkara.

Stufkassi. Stufkassi var milli þurrkara og blásara sem hefti mjölryk frá því að berast í reykháfinn.

Tór. Sjá dragari. Dregið af elevator sem þýðir lyfta. Þetta voru lyftur með skúffum. Inn í krönum voru tórar, það voru tórar sem fóru inn í skipin. Ath.

Uppdrag. Sama og inntakstór. Þar sem síldin kemur inn í verksmiðjuna. Það er í raun tór eða skúffuband með langhlekkja keðjum beggja megin og þannig drifinn að rafmótor, gjarnan með variator stjórnar hraðanum (í dag notaður tíðnibreytir). Uppdrag er enn notað í verkmiðjunni í Neskaupstað og hefur það hlutverk að taka við fiskinum þegar honum hefur verið landað, löndunaratn hefur verið skilið frá og fiskurinn vigtaður. Þá fer hann í uppdragið sem dregur hann alla leið upp á hráefnistanka í allt að 12-13 metra hæð. Frá uppdraginu rennur fiskurinn síðan eftir rennum í viðkomandi hráefnistank (Freysteinn Bjarnason 11. apríl 2011).

Vaktformaður. Vaktformaður var 1. og 2. meistari. Vaktir voru 6 eða 12 tíma langar. Í mjöhlúsi var sérstakur verkstjóri (Páll Helgason, 26. febrúar 2010).

Vigtarmaður. Vigtarmaðurinn saumaði fyrir hvern poka með saumavél.

Vinsa. Gufuknúið spil sem notað var við löndun síldarinnar (Hannes Baldvinsson).

Vinsumaður. Létt verk. Menn stjórnðu þessu með stangararmi eða með hnöppum. Þetta krafðist þó töluverðrar nákvæmni (Hannes Baldvinsson).

Variator. Hraðabreytir, hraðastillir. Einkum á suðukörum og pressum.

Pró. „Á þrónum.“ Síldinni er landað úr veiðiskipunum með vélknúnum löndunarkrönum og færíböndum. Í upphafi fór löndun fram með handafla og síldinni var ekið í vögnum. Síldin er flutt í stórar þrær við hlið verksmiðjunnar. Hráefnið saltað og þar meyrnar það og meltist fyrir vinnslu. Úr þrónni berst síldin með dragara inn í verksmiðjuna að inntakstór. Þróarmenn sjá um móttöku hráefnisins og söltun.

Þróarmaður. Maðurinn sem vann „á þrónum.“ Hann sá um að færa á milli hólfa í þrónum og skammta inn í verksmiðjutórinn meðan á vinnslu stóð. Sá einnig um lempun þegar lækkaði í þrónum.

Þurrkari. Þurrkarinn er langur og gildur málmhólkur sem snýst með þungum dyn. Tætt pressukakan kemur inn í tromluna næst eldhólfi, og flyst eftir henni við snúninginn og þornar þar á leið sinni við um 120° hita. Í stærstu verksmiðjunum voru 2-3 gríðarstórir þurrkarar.

Sá sem starfaði „á þurrkaranum“ þurfti að sækja kolin og aka þeim inn í verksmiðjuna á hjólbörum (Viðtal Péturs Halldórssonar við Sigurjón Jóhannesson: <http://www.ruv.is/sarpurinn/vid-sjavarsiduna/26092011>).

Þurrkarapláss. Rýmið þar sem þurrkun mjölsins fór fram.

Þurrkloft. Hátt uppi undir þaki mjöhlúsa voru jafnan trépillar, þar sem mjölið var sekkjað og pokarnir geymdir og kældir í eitt tvö dægur áður en pokunum var staflað í miklar stæður.